

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 257/2002 frá 12. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 um hámarksmagn tiltekinnna mengunarefna í matvælum og reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarksmagn tiltekinnna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 20. febrúar 2002 um notkun tiltekinnna epoxýafleiða í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/17/EB frá 21. febrúar 2002 um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun 2002/16/EB fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/61/EB ⁽⁵⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 51, 22.2.2002, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 215, 9.8.2001, bls. 26.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 52. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE):

„- **32002 L 0017:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/17/EB frá 21. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 19).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001):

„- **32002 R 0257:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 257/2002 frá 12. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 12).“
3. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54zs (tilskipun ráðsins 2001/114/EB):

„54zt. **32002 L 0016:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 20. febrúar 2002 um notkun tiltekinna epoxýafleiða í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið. EB L 51, 22.2.2002, bls. 27).“
4. Texti liðar 54zk (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/61/EB) falli brott.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr 257/2002 og tilskipana 2002/16/EB og 2002/17/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Gunnar Snorri Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann